

Akureyri og Reykjavík, 5. júlí 2019

Til bæjarstjórans á Akureyri
Ásthildar Sturludóttur

ERINDI:

Beiðni um stuðning vegna sýningar Íslenska dansfloksins á Rómeó + Júliu í samstarfi við Sinfóniuhljómsveit Norðurlands, Þjóðleikhúsið og Listahátið í Reykjavík í Hofi á Akureyri 6.-7. júní 2020.

Rómeó + Júlia er nýtt dansverk eftir Ernu Ómarsdóttur og Höllu Ólafsdóttur, við sígilt tónverk Sergei Prokofiev. Verkið var frumsýnt hjá Gärtnerplatz leikhúsini í München, Þýskalandi, þann 22. nóvember 2018 og þann 6. júní 2020 verður ný útgáfa af Rómeó + Júliu frumsýnd í Hofi á Akureyri. Stefnt er að því að aðlaga sýninguna fullkomlega að Hofi og þeirri aðstöðu sem þar er, með dönsurum Íslenska dansfloksins og hljóðfæraleykum Sinfóniuhljómsveitar Norðurlands. Viðburðurinn verður kynntur sem eitt af aðalverkefnum starfsársins hjá Íslenska dansflokknum og Sinfóniuhljómsveitar Norðurlands og einn af hápunktum Listahátiðar í Reykjavík. Stefnt er að því að verkefnið verði svo sýnt í Þjóðleikhúsini að hausti 2020.

Samstarfsaðilarnar eru afar spenntir fyrir þessu verkefni, enda er það einstaklega metnaðarfullt og líklegt til þess að styrkja samband stofnannanna. Framlag hverrar stofnunar er umtalsvert og verkefnið er að stórum hluta fjármagnað nú þegar. Til þess að allt gangi upp fjárhagslega er þó enn þörf á aukalegum stuðningi til að standa straum af ferðakostnaði og gistingu fyrir listafólk sýningarinnar á Akureyri.



Sótt er um beinan fjárhagsstuðning við verkefnið frá Akureyrarbæ til þess að brúa þetta bil eða hluta þess og láta þennan stóra draum verða að veruleika.


Stuðningur bæjarins getur verið með ýmsu móti. Hvort heldur sem er með beinu fjárfram lagi, með því að greiða fyrir eina sýningu eða með gistingu og/eða fæði fyrir listafólk sem kemur frá Reykjavík og erlendis frá, t.d. hjá mötuneyti Akureyrarbæjar eða í Bistróinu í Hofi. Listafólk sýningarinnar verður á staðnum í a.m.k. tvær vikur í aðdraganda sýningar og því má vel hugsa sér að dansrar Íslenska dansfloksins bjóði upp á ókeypis vinnusmiðjur, opnar æfingar eða óvæntar uppákomur í bænum að launum fyrir veittan stuðning.

Meðfylgjandi er kostnaðaráætlun fyrir verkefnið í heild.


Með von um jákvæðar undirtektir.

Virðingaffyllst,


f.h. Íslenska dansfloksins

f.h. Listahátiðar Reykjavík



f.h. Sinfóniuhljómsveitar Norðurlands


f.h. Þjóðleikhússins